

Bæjarstjórn - 1920

FUNDARBOÐ

**1920. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 8.
nóvember 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2303961 - Hryggjarás 21, umsókn um lóð, úthlutun

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 2.nóvember sl.

Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Hryggjarási 21 þar sem óskað er eftir að afsala sér úthlutun á lóðinni nr. 21 við Hryggjarás.

Bæjarráð samþykkir beiðni frá lóðarhafa um afsala sér lóð nr. 21 við Hryggjarás. Úthlutun er afturkölluð.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

2. 2210572 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting, færsla Hamraneslína I og II

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl.

Á fundi bæjarstjórnar 30.8.sl. var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í breyttri legu Hamraneslínu 1 og 2 frá strengendavirki við Kaldárselsveg að tengivirki í Hamranesi. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 25.10.2023. Umsagnir og svar við athugasemdum lagt fram.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs við framkomnum athugasemdum og samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2206136 - Straumsvík breyting á aðalskipulagi 2013-2025

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl.

Á fundi bæjarstjórnar þann 13.9.sl. var samþykkt að auglýsa að nýju tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna bættrar hafnaraðstöðu í Straumsvíkurhöfn, bæta tengingar milli Straumsvíkurhafnar og iðnaðarsvæða sunnan Reykjanesbrautar og almennt bæta umferðaskipulag við Kapelluhraun. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 30.10.2023. Lögð fram athugasemd og svar við athugasemd.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs við framkomnum athugasemdum og samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2111539 - Straumsvík, deiliskipulag

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl. Á fundi bæjarstjórnar þann 13.9.sl. var samþykkt að auglýsa að nýju tillögu að breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík vegna stækkunar á hafnarsvæði með stækkaðri landfyllingu og nýjum aðkomuvegi að svæðinu. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 30.10.2023. Lagðar fram athugasemdir og svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs við framkomnum athugasemdum og samþykkir breytingu deiliskipulagi álversins í Straumsvík með áorðnum breytingum eftir auglýsingu og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2109186 - Hafnarsvæði í Straumsvík

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl. Á fundi bæjarstjórnar 13.9. sl. var samþykkt að auglýsa að nýju tillögu að nýju deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni dagsetta í febrúar 2023. Í tillögunni felst að sniðinn er rammi um iðnaðarhverfi í samræmi við breyttar áherslur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Um er að ræða svæði er liggur á milli iðnaðarhverfis 2. áfanga Kapelluhrauns og Reykjanesbrautar, sem er skipt upp í rúmlega 30 nýjar lóðir fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi. Þar á meðal eru lóðir undir þegar byggð mannvirki ÍSAL. Á skipulagssvæðinu megi koma fyrir Coda Terminal, móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð auk hefðbundnum iðnaðarlóðum. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 30.10.2023. Lagðar fram athugasemdir og svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs við framkomnum athugasemdum og samþykkir breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 2302617 - Rauðamelsnáma, deiliskipulag

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 13.9.sl. að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi Rauðamelsnámu. Í tillögunni felst afmörkun að 15,7 ha efnistökusvæði við Rauðamel sunnan Reykjanesbrautar. Gert er ráð fyrir 1,6 ha byggingarreit á svæðinu þar sem heimilt verði að reisa allt að 6 mannvirki, samtals 500m² að hámarki. Aðkoma verði um Barböruveg. Þegar efnistöku er lokið ber að ganga frá svæðinu þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 30.10.2023. Lagðar fram athugasemdir og svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs við framkomnum athugasemdum og samþykkir nýtt deiliskipulag Rauðamelsnámu og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2111279 - Reykjanesbraut, deiliskipulag

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 01.03.2023 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Reykjanesbrautar skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst breyting á afmörkum deiliskipulagsins vegna nýs deiliskipulags Straumsvíkur sunnan Reykjanesbrautar. Einnig er gert ráð fyrir nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut austan við lóð Álversins. Þar sem málsmeðferð erindisins var ábótavant við síðustu auglýsingu, var það tekið aftur fyrir í sveitarstjórn þann 13. september sl. og var auglýst að nýju með athugasemdarfresti til 30. október 2023. Lagðar fram athugasemdir og svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs við framkomnum athugasemdum og samþykkir nýtt deiliskipulag Straumsvíkur sunnan Reykjanesbrautar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2309111 - Hvaleyri, breyting á skipulagsmörkum

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 13. september 2023 að auglýsa tillögu að breytingu á skipulagsmörkum fyrir deiliskipulag Hvaleyrar. Tillagan felst í að mörk skipulagssvæðisins breytast vegna breytinga á deiliskipulagsmörkum álversins í Straumsvík. Skipulagssvæðið minnkar þannig að vegtenging frá Reykjanesbraut að dælu- og hreinsistöð fellur út úr deiliskipulagi Hvaleyrar, en verður þess í stað innan deiliskipulags álversins í Straumsvík eftir breytingu þessa. Minnkun skipulagssvæðisins er um 2500m². Að öðru leiti gildi núgildandi skilmálar. Frestur til að gera athugasemdir við tillögun var til 30. október 2023. Lagðar fram athugasemdir og svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs við framkomnum athugasemdum og samþykkir breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags Hvaleyrar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2310047 - Hellnahraun 2. áfangi, skilmálabreyting

11.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.nóvember sl. Lögð fram tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Hellnahrauns 2. áfanga. Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á nýtingarhlutfalli verður 0,5 fyrir húsnæði á einni hæð og 0,6 fyrir húsnæði á tveimur hæðum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Hellnahrauns 2. áfanga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fundargerðir

10. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 25. og 31. október sl.
Fundargerðir fjölskylduráðs frá 27. og 31. október sl.
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs 2.nóvember sl.
Fundargerðir bæjarráðs frá 24. og 31. október og 2.nóvember sl.

- a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 18.október sl.
- b. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 16.október sl.
- c. Fundargerð 45.eigendafundar Strætó bs. frá 16.október sl.
- d. Fundargerð 45.eigendafundar Sorpu bs. frá 16.október sl.
- e. Fundargerð stjórnar SSH frá 16.október sl.
- f. Fundargerðir Stefnuráðs byggðasamlaganna frá 19.júní og 6.október sl.
Fundargerðir fræðsluráðs frá 25. október og 1.nóvember sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 6.nóvember sl.

Áætlanir og ársreikningar

11. **2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027, fyrri umræða**

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.október sl.
Lögð fram fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir 2024 og langtímaáætlun 2025-2027.
Lagðar fram gjaldskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar 2024.
Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar mæta til fundarins.

Bæjarráð vísar fyrirliggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

06.11.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri